

Náttúrufar í Laugarnesi
Hluti könnunar á náttúrufari með Sundum

**Kristbjörn Egilsson (ritstj.), Kristinn Haukur Skarphéðinsson,
Guðmundur Guðjónsson og Haukur Jóhannesson**

Unnið fyrir Reykjavíkurborg

NÍ- 97017

Reykjavík, nóvember 1997



EFNISYFIRLIT	Bls.
1 INNGANGUR	3
2 STAÐHÆTTIR	4
3 JARÐFRÆÐI LAUGARNESS	4
4 GRÓÐURFAR Í LAUGARNESI	4
5 FUGLAR Í LAUGARNESI	6
6 NÁTTÚRUVERND OG ATHYGLISVERÐIR STAÐIR	7
7 HEIMILDIR	9
VIÐAUKAR	10
1. Viðauki. Flóra Laugarness	10
2. Viðauki. Fuglar sem sést hafa í og við Laugarnes	12

1 INNGANGUR

Í ágúst 1996 fór Borgarskipulag Reykjavíkur þess á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands að gerð yrði áætlun um náttúrufarskönnun á tilteknum svæðum í landi Reykjavíkur. Gerð skyldi grein fyrir jarðfræði, gróðurfari og fuglalífi á eftirtöldum svæðum: (1) Elliðaárdal, (2) meðfram Úlfarsá norðan Vesturlandsvegar, (3) Blikastaðakró, þ.e. ströndin frá Eiðisvík að ósum Úlfarsár, (4) Grafarvogi og (5) Laugarnesi.

Hér verða birtir þeir kaflar úr væntanlegri yfirlitsskýrslu sem fjalla um náttúrufar í Laugarnesi.

Rannsóknaráætlun var lögð fram í október 1996, var hún samþykkt af Borgarráði í ársbyrjun 1997 og hófst útivinna skömmu síðar.

Sú náttúrufarskönnun sem lýst er í þessari skýrslu er beint framhald af samskonar könnun sem unnin var fyrir Reykjavíkurborg sumarið 1995 á austurlandi Reykjavíkur, þ.e. Klapparholti, Austurheiði, Úlfarsá (efri hluta) og Hamrahlíðarlöndum. (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1996).

Markmið rannsókna var að afla upplýsinga og taka saman skýrslu um ofangreinda náttúrufarsþætti, meta þá og gera tillögur sem gætu nýst við skipulag svæðanna. Skýrslan sem hér birtist, var skrifuð í október og nóvember 1997. Samstarfsmaður og tengiliður fyrir hönd Borgarskipulags var Björn Axelsson. Einnig sýndu umhverfismálaráð og Jóhann Pálsson garðyrkjustjóri málinu mikinn áhuga allt frá því að það kom fyrst til umræðu.

Stöðumat og tillögur í skýrslunni byggjast á eftirtöldum atriðum:

- Að landslag, landmótun og ytra form svæðisins haldi sér, þannig að heildarsvipur og tenging við byggð verði eðlileg.
- Að hluta náttúrulegra gróðurlenda á svæðinu verði leyft að þróast áfram á eigin forsendum og að svæði sem hafa orðið fyrir breytingum, t.d. vegna framræslu, verði færð til fyrra horfs. Á þann hátt verður um ókomin ár hægt að skoða þær villtu plöntutegundir sem vaxa á svæðinu í réttu umhverfi.
- Að hið fjölbreytta fuglalíf fái að dafna áfram eftir eigin lögmálum. Forsenda þess er að varðveita helstu varp- og fæðuöflunarsvæði, svo og set- og hvíldarstaði.
- Að merkar jarðfræðiminjar fái að halda sér.
- Að íbúar hafi tækifæri til þess að komast út í tiltölulega óspillta náttúru skammt frá heimilum sínum sér til heilsubótar, skemmtunar og fróðleiks.
- Að nemendur og kennarar geti sótt þekkingu og fræðslu á vit villtrar náttúru á svæðinu.

2 STADHÆTTIR

Laugarnes er á miðri norðurströnd hins forna Seltjarnarness. Á Laugarnestöngum er eina svo til óspillta landið og fjaran á allri norðurströnd Reykjavíkur vestan Geldinganes. Nesið teygir sig út á Viðeyjarsund. Þaðan er afar víðsýnt og enn er óskert sjónlína út í eyjarnar á Kollafirði. Ströndin skiptist í litlar víkur með klettasnösum á milli. Fjaran er að mestu stórgrýtt en þó finnst einnig malar og hnellingafjara. Svæðið er aðeins um 1 km² að flatarmáli og strandlengjan er um 600 m löng. Nesið er allt gróið samanber meðfylgjandi gróðurkort (1. mynd).

3 JARÐFRÆÐI LAUGARNESS

Jarðfræði Laugarness er einföld. Í nesinu er aðeins eitt grágrýtishraunlag sem á upptök einhversstaðar á Mosfells- eða Hellisheiði (Árni Hjartarson 1980). Aldur hraunsins er ekki þekktur en að líkindum er það um 500.000 ára gamalt. Það hefur runnið á einu af hlýskeyðum ísaldar og þekur nú mest allt Seltjarnarnesið. Jöklar seinni jökulskeiða hafa síðan rofið hraunlagið og mótað í það horf sem nú er. Ströndin sjálf er mótuð af sjávarrofi. Hún einkennist af lágum klettum og stórgrýtisurð.

4 GRÓÐURFAR Í LAUGARNESI

Gróðurkort í mælikvarðanum 1:3000 var sérstaklega gert vegna þessarar úttekta (1. mynd). Þar kemur fram að gróðurfur einkennist að mestu leyti af þurrlendi, einkum graslendi ýmiskonar, bæði ræktuðu og náttúrulegu. Einnig er þar að finna mosaþembu og votlendisbletti með mýrastör og gulstör auk flaga og fjörugróðurs.

Á Laugarnesi hafa fundist 94 tegundir háplantna auk ættkvísla túnffla. Í 1. viðauka er listi yfir þær. Í þessari úttekta var ekki skoðuð tegundafjölbreytni mosa, fléttna og sveppa, né heldur gerð úttekta á þörungum í fjöru.

Hér verður gerð grein fyrir helstu gróðurlendum og aftan við hvert heiti þeirra er getið innan sviga skammstafana sem notuð eru fyrir þessi sömu gróðurlendi á gróðurkortinu.

Þurrlendi

Mosaþemba með grösom og blómplöntum (A). Um er að ræða litla ræmu meðfram veginum út á nesið þar sem landið hefur nýlega gróið upp og jarðvegur er þunnur.

Graslendi (H). Um er að ræða náttúrulegt graslendi eða vallendi. Ríkjandi grös eru húsapunktur, túnvingull, týtulíngresi og hálíngresi. Af öðrum tegundum má nefna tágamuru, njóla, hundasúru, skarífífil, umfeðming, gulmöðru, brennisóley, klóelftingu, túnffla, geldingahnapp, hálíðagras, snarrótarpunktur og ætihvönn.

Graslendi í órækt (Ho). Þetta er yfirleitt land sem hefur verið raskað á einhvern hátt en hefur gróið upp að nýju. Snarrótarpunktur, húsapunktur og fleiri grastegundir eru

áberandi ásamt njóla, skriðsóley, túnfíflum, brennisóley, hlaðkollu, blóðarfa, kattartungu og hóffíflsbreiðum.

Graslendi með mosum, smárunnum og blómplöntum (Hs). Þetta svæði er nyrst á nesinu. Þarna er mosaríkt graslendi og afar fjölbreyttur gróður þar sem fjöldi blómplantna vex og á milli er stórgrýti vaxið mosum og fléttum. Áberandi grastegundir eru blávingull, týtulíngresi, túnvingull, vallarsveifgras, snarrótarpuntur, hálíngresi og ilmreyr. Einnig eru krækilyng, vallhæra og axhæra áberandi. Af öðrum tegundum má nefna kornsúru, blóðberg, grasvíði, velleftingu, klóelftingu, túnsúru, augnfró, hvítmöðru, geldingahnapp, holurt, engjavönd, kattartungu, ljónslappa, skarífífil, gulmöðru, mosajafna, krossmöðru, undafífla, gullmuru, týsfjólu, brennisóley, vegarfa, móasef, friggjargras, stinnastör, músareyra, lambagras, jakobsfífil, lokasjóð, maríuvönd. Í þessu gróðurlendi er mesta tegundafjölbreytnin á nesinu og sumar þær tegundir sem þar vaxa eru faliðaðar, þannig að ekki þarf mikið út af að bera til að þær hverfi.

Blómlendi með hvönn (L1). Ætihvannstöð rétt norðan við Suðurkot við suðurenda Norðurkotsvarar og við Sigurjónssafn.

Blómlendi með þistli (L2). Á röskuðu svæði ofan við Norðurkotsvör.

Blómlendi með kerfli (L3). Spánarkerfilsstöð norðan við Suðurkot.

Fjörugróður (L4). Suðurkotsvör er stórgrýtt og bratt niður í fjöruna. Í sandinum milli steina í fjörunni vex fjöruarfi, baldursbrá, hrímblaðka, fjörukál og blálilja. Sjávarfitjungur finnst sumsstaðar. Ofar í fjörukambinum dafna melgresi, ætihvönn, njóli, hóffífill, húsapuntur, baldursbrá, vallarsveifgras, klóelfting og túnfíflar. Haustið 1994 höfðu verið gróðursettar á friðaða svæðið efst í fjörunni ýmsar svo sem alaskaösp, alaskalúpína, regnfang, randagras og hundarós. Að sjálfsögðu lifðu þær fæstar fyrsta veturinn þar sem þessar tegundir eiga ekki heima í fjöru og komu því upp um kunnáttuleysi ræktenda. Slíkt framtak á friðuðu svæði á að sjálfsögðu ekki að eiga sér stað.

Norðan við Suðurkotsvör er fjaran stórgrýtt, klettótt og ógróin nema hvað túnvingull og sjávarfitjungur eru milli steina. Sama er að segja um fjöruna inn að Norðurkotsvör. Í sjálfri Norðurkotsvör er hins vegar gróf malar- og hnúllungafjara lítt gróin. Samt eru þar nokkrar tegundir á stangli t.d. fjörukál, hrímblaðka, fjöruarfi, klóelfting, tágamura og baldursbrá.

Ræktaður húsagarður (grasflöt/garðrækt) (R1). Hefðbundinn garðagróður og túnskæklar.

Ræktað graslendi (slegið) (R2). Samfelld vel gróið tún með deiglendisblettum á milli þar sem lægst er. Þarna vaxa vallarfoxgras, snarrótarpuntur, hálíðagras, húsapuntur, brennisóley, túnfíflar, vallarsveifgras, hálíngresi, njóli, skarífífill, túnsúra, vegarfi, lokasjóður, hófsóley, vallhæra og vallhumall. Í þessu gróðurlendi eru m.a. hinar gömlu beðasléttur (Bjarni F. Einarsson 1993). Á blettum í þessu gróðurlendi eru rakar lænur hér og þar sem ekki koma fram á gróðurkortinu. Í þeim vaxa votlendistegundir, t.d.

mýrastör, engjarós, hófsóley og mýrasef, sem minna á að þetta land hefur verið ræst fram og að áður var votlendi á þessum slóðum.

Ræktað graslendi (óslegið) (R3). Þetta er ræktað land sem ekki er lengur hirt um. Ýmsar grastegundir hafa fest þar rætur, svo sem snarrótarpuntur, háliðagras, hálíngresi og húsapuntur. Nokkuð er af skriðsóley, brennisóley og túnfflum.

Ræktað land sem er að breytast í graslendi (R4). Um er að ræða ræktað land sem ekki hefur verið nytjað um langt árabíl og er því farið að líkjast náttúrulegu graslendi.

Votlendi

Jaðar með mýrastör (T). Þetta er óvenju þurrt votlendi miðað við að þar vex og ríkir mýrastör ein og sér.

Mýri með mýrastör og gulstör (U). Votlendisspildur þar sem gulstör og mýrastör eru ríkjandi. Auk þess vaxa í mýrinni engjarós, mýrelfting, fergin, hófsóley, hálmgresi og skriðlíngresi.

Gulstararflói (V). Á einum bletti á Laugarnesi er það blautt að gulstör ræður þar ríkjum.

Ýmiskonar votlendi (Y). Um er að ræða votlendi sem fylgir skurðum sem voru grafnir fyrir eða um miðja öldina eða lægðir í öðru röskuðu landi. Þar vaxa gulstör, mýrastör, engjarós, mýrelfting, fergin, hófsóley, hálmgresi og stundum mikið af fallegri horblöðku.

Undir girðingarvegg nyrst á nesinu er snotur blettur þar sem engjarós er ríkjandi ásamt hálmgresi, hófsóley, klófífu, gulstör, flagasóley, mýrelftingu, mýrfjólu og mýradúnurt.

5 FUGLAR Í LAUGARNESI

Fuglalíf í Laugarnesi er fremur fábreytt enda er svæðið ekki stórt og kjörlendi fábreytt. Þá hafa ýmis umsvif mannsins dregið úr gildi svæðisins fyrir fuglalíf. Sex eða sjö tegundir algengra mófugla verpa í nesinu skv. athugunum vorið 1997, yfirleitt aðeins stök eða fáein pör af hverri tegund. Þá verpa þar nokkrar tegundir að auki, a.m.k. öðru hverju.

Talsvert fuglalíf er á sjó við Laugarnes árið um kring og þar eð nesið skagar út í Viðeyjarsund er það kjörið til fuglaathugana. Skólpræsið stóra við Kirkjusand dregur til sín margt fugla, þar eru til dæmis stórir hópar æðarfugls árið um kring og einnig bjartmáfar á veturna en þeir verpa á Grænlandi og koma hingað til vetursetu. Fjaran á Laugarnesi er það lítil að fátt safnast þangað af fuglum, jafnvel á fartíma.

Í 2. viðauka er getið yfir 40 tegunda sem sést hafa í og við Laugarnes. Hér á eftir verður fjallað nánar um þær tegundir sem verpa í nesinu.

Mikið andríki var í Laugarnesi á athugunartímanum en þar áttu einkum hlut að máli aliendur sem halda til í skjóli eins íbúa á Laugarnestanga. Ýmsir villtir fuglar hafa

einnig verið fóstaðir þar með alifuglunum í lengri eða skemmri tíma, svo sem heiðagæsir og álfir.

Varpfuglar

Merki var um varp fimm tegunda vaðfugla í Laugarnesi vorið 1997. Tjaldur (2 pör) verpur á skemmubökum við austurjaðar svæðisins og leitar hann ætis í Laugarnesi. Þetta er fremur óvenjulegur varpstaður en vitað er um 2-3 önnur tilfelli hér á landi, öll í Reykjavík, enda hefur varpsvæðum tjaldsins við ströndina verið raskað mikið.

Eitt sandlópar hélt til í Laugarnesi vorið 1997. Það átti óðal beggja vegna Kleppsvegur en hefur sennilega orpið á bílastæði við Myndlistarskólann. Heiðlópar sást nyrst í nesinu snemma um vorið en óvíst er hvort það hefur orpið. A.m.k. 3 hneggjandi hrossagaukar sáust samtímis um vorið og sennilega verpa nokkur pör á svæðinu. Þá urpu tvö stelkspör í gamla Laugarnestúninu.

Tvær tegundir spörfugla urpu með vissu í Laugarnesi vorið 1997. Þúfutittlingur er strjáll varpfugl (2-3 pör) í graslendi og nokkur starapör verpa í húsum á svæðinu. Þeir eru auk þess algengir varpfuglar í nágrenninu og eru tíðir í ætisleit í Laugarnesi. Þá hafa maríuerlur orpið þar stundum og e.t.v. skógarprestir, stökkendur og æðarfuglar.

Stelkar, hrossagaukar og þúfutittlingar eru einkennisfuglar búsetulandslags en þrífast illa þar sem graslendi er slegið reglulega á sumrin. Tjaldur, heiðlóa og sandlóa verpa fyrst og fremst í snöggu og jafnvel gróðurlitlu landi.

6 NÁTTÚRUVERND OG ATHYGLISVERÐIR STAÐIR Í LAUGARNESI

Fjaran, fjörुकamburinn og klettur við ströndina eru að mestu óspillt land og hafa ómetanlegt gildi sem dæmi um hvernig norðurströnd Reykjavíkur leit út áður en mannvirkjagerð og önnur röskun gerbreytti henni á þessari öld.

Náttúruverndarráð hefur sett Laugarnes á náttúru-minjaskrá (1996) með eftirfarandi lýsingu: 1. Mörk svæðisins eru að sunnan frá Kleppsvegi á móts við Suðurkotsvör meðfram Kleppsvegi að Laugarnesvegi og þaðan meðfram húsum Tollvörugeymslunnar og Kletts í sjó. 2. Fjörur og strandbelti á vesturströnd Laugarness, sem er að mestu óröskuð strandlengja með sérkennilegum sjávarrofnum klettum. Vinsæll útivistar- og útsýnisstaður, ásamt menningarsögulegum minjum.

Í ritinu „Höfuðborgarsvæðið, náttúruvernd“ (1981) er fjallað um Laugarnes á bls. 32. Þar segir: „1. Vesturhorn Laugarness. 2. Óröskuð klapparfjara með fögru útsýni. 3. Verndun landslags æskileg.“

Á Aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010 fellur Laugarnesið undir Borgarvernd.

Auk náttúru-minja eru á nesinu verðmætar sögulegar minjar og búsetulandslag (Bjarni F. Einarsson 1993).

Lagt er til að svæðið verði útivistarsvæði þar sem lögð verði áhersla á villta náttúru og minjar um gamla búsetu. Núverandi starfsemi verði sett skýr mörk í deiliskipulagi, sem taki mið af því að styrkja möguleika almennings til útivistar og náttúruskoðunar.

Á Laugarnesi þarf að spyrða saman þrjá meginþætti við skipulag og verndun svæðisins. Í fyrsta lagi hina *villtu náttúru* sem enn er að finna og er lítt spillt, þ.e. jarðmyndanir, gróður og fuglalíf. Í öðru lagi *búsetulandslagið* með aragrúa sögulegra minja. Og síðast en ekki síst þjóðargersemi sem er fólgin í *safni Sigurjóns Ólafssonar* myndhöggvara, en ævistarf hans á Íslandi er óafmáanlega tengt búsetu hans á Laugarnesi, allt frá árinu 1945. Að þessu leyti hefur svæðið gildi á landsmælikvarða hvað varðar sögu og myndlist.

Áhersla verði lögð á að Laugarnesið fái að halda náttúrufarslegum einkennum eins og kostur er. Í því felst að vernda og hlúa að þeim gróðurlendum sem villt eru á svæðinu ennfremur að gróðurfur búsetulandslags takmarkist eða taki mið af þeim gróðri sem fylgdi búsetu manna á fyrri hluta aldarinnar. Þetta þýðir að ekki verði fluttar inn á svæðið tegundir sem ekki falla að þessum markmiðum. Þetta á bæði við um tré, runna og blómjurtir. Sú ræktun og gróðursetning sem átt hefur sér stað á svæðinu á undanförunum misserum samræmist þessu sjónarmiði ekki og því ber að uppræta hana.

Sömu sögu er að segja um alifuglarækt sem stunduð hefur verið á nesinu um skamma hríð. Þar hafa kynblandast aliendur og villtir fuglar. Útkoman eru blendingar sem ekki eiga sér mikla lífsvon í villtri náttúru og eiga varla heima á náttúruvernduðu svæði. Fuglaeldi á fremur heima í Húsdýragarðinum þar sem fyllsta hreinlætis er gætt.

Bent er á að stutt er á milli Laugarness og Laugardals. Í Laugardal er vaxinn upp einstaklega vel heppnaður garður. Í Laugarnesi er hins vegar enn að finna villta náttúru. Þessi svæði styðja því hvert við annað og í framtíðinni má hugsa sér að þau verði tengd saman með göngu- og hjólréiðastígum. Einnig má benda á möguleikum á að tengja saman í kynningum listasöfn Sigurjóns í Laugarnesi og safn Ásmundar Sveinssonar í jaðri Laugardals.

Á Laugarnesi hafa fundist 94 tegundir háplantna. Þessar tegundir eru allar algengar á landsvísu. Hins vegar ber að hafa í huga að í dag er þetta eini vaxtarstaður margra þessara tegunda með allri norðurströnd hins forna Seltjarnarness. Það er því mikils virði fyrir líffræðilega fjölbreytni í borginni að þarna verði áfram griðastaður fyrir þessar tegundir.

Þrátt fyrir að fremur fátt fugla verpi í Laugarnesi er fuglalíf við ströndina fjölbreytt og vegna legu sinnar er nesið kjörið sem fuglaskoðunarstaður. Skráðar hafa verið 43 fuglategundir á svæðinu en þeim mun án efa fjölga við frekari athuganir.

Klettaströnd Laugarness er nú orðin einstök á Seltjarnarnesi hinu forna því víðast hefur upprunalega ströndin annaðhvort verið hlaðin upp eða færð fram með uppþyllingum. Laugarnessströndin hefur því mikið verndar- og fræðslugildi vegna þess að hún sýnir hvernig hér var umhorfs áður en mannhöndin umbreytti því umhverfi sem hér var. Á stöku stað eru einnig fallegar hnellingafjörur sem sjást ekki annars staðar innan borgarmarkanna. Nauðsynlegt er að vernda fjöruna í Laugarnesi fyrir

seinni kynslóðir þannig að hægt verði að sýna hvernig ströndin leit víða út áður en bærinn varð að borg.

Til að hið opna svæði í Laugarnesi nái þeirri stöðu að verða útivistar- og menningarsvæði fyrir almenning þarf að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Lagning göngustíga er nauðsynleg til að draga úr ágangi á viðkvæman gróður.
- Frekari nýbyggingar íbúðarhúsa eða byggingar yfir nýja starfsemi verði ekki leyfðar og frekar ætti að huga að fækkun húsa á þessu landlitla útivistarsvæði.
- Réttingaverkstæði fyrir bíla á heima á iðnaðarsvæði.
- Nálægð nýbyggingar við Laugarnestanga 62 og framkvæmdir í og við fjöruna á Laugarnestanga 65 samrýmast ekki lögum náttúruvernd og ákvæði um frjálstan aðgang almennings um strendur landsins.

7 RITASKRÁ

Árni Hjartarson 1980. Síðkvarteri jarðlagastaflinn í Reykjavík og nágrenni. Náttúrufræðingurinn 50: 108-117.

Bergþór Jóhannsson 1989. Íslenskir undaflíflar I-III. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar. 502 bls.

Bjarni F. Einarsson 1993. Laugarnes. Greinargerð um fornleifar í Laugarnesi í Reykjavík. Skýrslur Árbæjarsafns XIX. Reykjavík. 15 bls.

Hörður Kristinsson 1986. Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Íslensk náttúra II. Örn og Örlygur. Reykjavík. 306 bls.

Kristbjörn Egilsson, ritstj., Haukur Jóhannesson, Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1996. Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur. Klapparholt, Austurheiði, Úlfarsá og Hamrahlíðalönd (Úlfarsfell). Unnið fyrir Reykjavíkurborg. Náttúrufræðistofnun Íslands. 65 bls.

Náttúruminjaskrá 1996. Friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar. 7. útg. Reykjavík. Náttúruverndarráð. 64 bls.

Náttúruverndarráð 1981. Höfuðborgarsvæðið. Náttúruvernd. Fjölrit nr. 13. 36 bls.

1. Viðauki. Flóra Laugarness

Tegundunum er raðað upp í stafrófsröð íslenskra heita. Um nafngiftir er farið eftir Plöntuhandbókinni (Hörður Kristinsson 1986) og Íslenskum undafíflum I-III (Bergþór Jóhannsson 1989).

Íslensk heiti:	Latnesk heiti:	Laugarnes
Akurarfi	<i>Stellaria graminea</i>	x
Alaskalúpína	<i>Lupinus nootkatensis</i>	x
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>	x
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>	x
Baldursbrá	<i>Matricaria maritima</i>	x
Belgjastör	<i>Carex panicea</i>	x
Birki	<i>Betula pubescens</i>	x
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	x
Blákolla	<i>Prunella vulgaris</i>	x
Blálilja	<i>Mertensia maritima</i>	x
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	x
Blóðarfi	<i>Polygonum aviculare</i>	x
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>	x
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>	x
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	x
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>	x
Fergin	<i>Equisetum fluviatile</i>	x
Fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i>	x
Fjaldalaffill	<i>Geum rivale</i>	x
Fjöruarfi	<i>Honckenya peploides</i>	x
Fjörukál	<i>Cakile arctica</i>	x
Flagahnöðri	<i>Sedum villosum</i>	x
Flagasóley	<i>Ranunculus reptans</i>	x
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>	x
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>	x
Gleym-mér-ei	<i>Myosotis arvensis</i>	x
Grasvöðir	<i>Salix herbacea</i>	x
Grávöðir	<i>Salix callicarpaea</i>	x
Grávorbóm	<i>Draba incana</i>	x
Güllkollur	<i>Anthyllis vulneraria</i>	x
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>	x
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>	x
Gulstör	<i>Carex lyngbyei</i>	x
Háliðagras	<i>Alopecurus pratensis</i>	x
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>	x
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>	x
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>	x
Haugarfi	<i>Stellaria media</i>	x
Hjartarfi	<i>Capsella bursa-pastoris</i>	x
Hlaðkolla	<i>Chamomilla suaveolens</i>	x
Hlíðaffill	<i>Hieracium senex</i>	x
Hnúskakrækil	<i>Sagina nodosa</i>	x
Holurt	<i>Silene uniflora</i>	x
Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>	x
Hóffill	<i>Tussilago farfara</i>	x
Hófsóley	<i>Caltha palustris</i>	x
Hrafnafífa	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	x
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymani</i>	x
Hrímblaðka	<i>Atriplex glabriuscula</i>	x
Hundasúra	<i>Rumex acetosella</i>	x
Húsapuntur	<i>Elymus repens</i>	x
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>	x
Hvítmári	<i>Trifolium repens</i>	x
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	x
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>	x
Kattartunga	<i>Plantago maritima</i>	x
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>	x

Íslensk heiti:	Latnesk heiti:	Laugarnes
Klófffa	<i>Eriophorum angustifolium</i>	x
Knjálíðagras	<i>Alopecurus geniculatus</i>	x
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	x
Kossmaðra	<i>Galium boreale</i>	x
Krossfífill	<i>Senecio vulgaris</i>	x
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	x
Lækjasef	<i>Juncus bufonius</i>	x
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>	x
Langkrækill	<i>Sagina saginoides</i>	x
Lindasef	<i>Juncus ranarius</i>	x
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>	x
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>	x
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>	x
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>	x
Lækjadepla	<i>Veronica serpyllifolia</i>	x
Maríustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>	x
Maríuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>	x
Melgresi	<i>Leymus arenarius</i>	x
Mjaðurt	<i>Filipendula ulmaria</i>	x
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>	x
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>	x
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>	x
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>	x
Mýrasauðlaukur	<i>Triglochin palustris</i>	x
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>	x
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>	x
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>	x
Mýrfjóla	<i>Viola palustris</i>	x
Nafلاغras	<i>Koenigia islandica</i>	x
Njóli	<i>Rumex longifolius</i>	x
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>	x
Reyniviður	<i>Sorbus aucuparia</i>	x
Sjávarfitjungur	<i>Puccinellia maritima</i>	x
Skariffífill	<i>Leontodon autumnalis</i>	x
Skoggsandi	<i>Arenaria norvegica</i>	x
Skógarkerfífill	<i>Anthriscus sylvestris</i>	x
Skriðlíngrasi	<i>Agrostis stolonifera</i>	x
Skriðsóley	<i>Ranunculus repens</i>	x
Skurfa	<i>Spergula arvensis</i>	x
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>	x
Spánarkerfífill	<i>Myrrhis odorata</i>	x
Stínnastör	<i>Carex bigelowii</i>	x
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>	x
Tágamura	<i>Potentilla anserina</i>	x
Tígulffífill	<i>Hieracium anglicum</i>	x
Túnfflar	<i>Taraxacum spp.</i>	x
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>	x
Túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i>	x
Týsfjóla	<i>Viola canina</i>	x
Týtulíngrasi	<i>Agrostis vinealis</i>	x
Umfeðmingsgras	<i>Vicia cracca</i>	x
Vallarfoxgras	<i>Phleum pratense</i>	x
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>	x
Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>	x
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>	x
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>	x
Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>	x
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>	x
Vætudúnurt	<i>Epilobium watsonii</i>	x
Þistill	<i>Cirsium arvense</i>	x
Ætihvönn	<i>Angelica archangelica</i>	x
Fjöldi tegunda		94

2. Viðauki. Fuglar sem sést hafa í og við Laugarnes

Líklegar varptegundir eru auðkenndar með feitleitri. Þessi skrá er ekki tæmandi hvað varðar sjaldgæfa fugla í Laugarnesi.

Tegund	Staða
Lómur	Vetrargestur á Sundum, sést oft við Laugarnes.
Himbrimi	Vetrargestur á Sundum, sést oft við Laugarnes.
Fýll	Algengur á Sundum, m.a. við ræsið á Kirkjusandi, frá janúar til sept.
Dílaskarfur	Sést við Laugarnes allan veturinn. Skarfasetur var á Skarfakletti.
Toppskarfur	Sést af og til við Laugarnes allan veturinn.
Álft	Sést stöku sinnum í Laugarnesi.
Grágæs	Sést af og til allt árið í Laugarnesi (Tjarnargæsir).
Stökkönd	Sést allt árið við Laugarnes og verpur e.t.v.
Æður	Algeng allt árið við Laugarnes og Kirkjusand.
Hávella	Algeng á Sundum á veturna og sést þá reglulega við Laugarnes.
Toppönd	Algeng á Sundum allt árið og sést stundum við Laugarnes.
Smyrill	Sjaldgæfur í Laugarnesi, sést stundum elta smáfugla.
Tjaldur	Strjáll varpfugl í Laugarnesi (2 pör). Sást áður flesta vetur.
Sandlóa	Strjáll varpfugl í Laugarnesi (1 par).
Heiðlóa	Sennilega strjáll varpfugl í Laugarnesi (1 par).
Sendlingur	Sést af og til allt árið í fjörum við Laugarnes.
Rauðbrystingur	Sást á Kirkjusandi um fartíma að vori, áður en fjaran þar var fyllt.
Tildra	Sést af og til allt árið í fjörum við Laugarnes.
Hrossagaukur	Strjáll varpfugl í Laugarnesi (a.m.k. 3 pör).
Stelkur	Strjáll varpfugl í Laugarnesi (2 pör).
Kjói	Sést af og til við Laugarnes á sumrin.
Hettumáfur	Heldur til við Laugarnes og Kirkjusand árið um kring.
Stormmáfur	Sést af og til á svæðinu allt árið.
Sílamáfur	Algengur gestur á sumrin, sérstaklega við ræsið á Kirkjusandi.
Silfuramáfur	Nokkrir fuglar sjást við nesið árið um kring.
Hvítamáfur	Sést allt árið, algengastur á veturna.
Bjartmáfur	Algengur vetrargestur, stundum í hundraðatali við ræsið á Kirkjusandi.
Svartbakur	Sést allt árið við nesið.
Rita	Sést af og til allt árið við nesið, er algengust á útmánuðum.
Kría	Sést á flögri við nesið allt sumarið.
Teista	Sést við Laugarnes af og til allt árið. Verpur í Viðey.
Álka	Vetrargestur, algengust á útmánuðum.
Haftyrðill	Vetrargestur sem sést við Laugarnes flesta vetur.
Lundi	Sést úti á Sundum frá Laugarnesi allt sumarið.
Þúfuttlingur	Strjáll varpfugl í Laugarnesi (2-3 pör).
Maríuerla	Sést af og til á sumrin, verpur sennilega öðru hverju.
Músarrindill	Var algengur vetrargestur áður fyrr en sést nú sjaldan.
Steindepill	Sést á fartíma, vor og haust.
Skógarþróstur	Sést öðru hverju allt árið, verpur e.t.v. öðru hverju.
Hrafn	Daglegur gestur í Laugarnesi á veturna.
Stari	Algengur allt árið, verpur m.a. í byggingum á svæðinu.
Snjótittlingur	Algengur vetrargestur.
Fjöldi tegunda	43